

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 8. nóvember 2023
UST202310-261/B.S.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Eyvindartungu. Umsögn

Vísað er til erindis Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita dags. 19. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag.

Um er að ræða stækkun námu sem hefur verið notuð um nokkurt skeið.

Umhverfisstofnun telur að úr því sem komið er sé best að halda áfram efnistöku á þessu svæði. Umhverfisstofnun hefur áður bent á að vinna ætti þessa námu í átt að Lyngdalsheiðarvegi til að minnka sjónræn áhrif því ljóst er að þessi náma verður opin lengi enn. Í greinargerð kemur fram að fyrirhugað sé að vinna námuna á þennan hátt.

Umhverfisstofnun telur að ef þessi áætlun gengur eftir ættu sjónræn áhrif sem nú eru nokkur verða umtalsvert minni.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við deiliskipulagið.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson,
sérfræðingur
Axel Benediktsson,
sérfræðingur